

**Reglur Sparisjóðs Höfðhverfinga
um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna**

Október 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
1. Almenn	3
2. Lykilstarfsmenn Sparisjóðs Höfðhverfinga	3
3. Hæfismat lykilstarfsmanna	3

1. Almenn.

Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna.

Markmið með setningu þessara reglna er að draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu sparisjóðsins, með lágmarkskröfum um hæfi tiltekinna lykilstarfsmanna og framkvæmdastjóra, en gerðar eru strangari kröfur til þeirra en annarra starfsmanna.

Sparisjóður Höfðhverfinga ses. leggur ríka áherslu á að allt starfsfólk sparisjóðsins búi yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin.

2. Lykilstarfsmenn Sparisjóðs Höfðhverfinga

Hugtakið lykilstarfsmaður er þannig skilgreint í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki: Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga metur hverjir teljast lykilstarfsmenn. Að mati stjórnar Sparisjóðs Höfðhverfinga teljast eftirtaldir aðilar til lykilstarfsmanna:

- Staðgengill sparisjóðsstjóra

Takmarkanir eru á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og er óheimilt að veita lykilstarfsmanni lán, sem telst áhættuskuldbinding, nema gegn traustum tryggingum. Aðeins er heimilt að gera starfslokasamninga við lykilstarfsmenn hafi hagnaður verið af starfsemi sparisjóðsins samfelld síðustu þrjú ár starfstíma hans. Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra.

3. Hæfismat lykilstarfsmanna

Stjórn sparisjóðsins eða sparisjóðsstjóri metur hæfi lykilstarfsmanna og kallar eftir þeim gögnum sem þurfa þykir. Hæfismat skal liggja fyrir áður en gengið er frá fastráðningu lykilstarfsmanna.

Við mat á hæfi skal a.m.k. eftirfarandi kannað:

- Hvort viðkomandi sé lögráða og hafi hreint sakarvottorð
- Hvort viðkomandi hafi menntun, þekkingu og starfsreynslu sem hæfi ábyrgð og stöðu innan sparisjóðsins
- Hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi
- Hvort viðkomandi sé fjárhagslega sjálfstæður og með óflekkað mannorð
- Hvort viðkomandi hafi nægilega þekkingu og skilning á þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda út frá ábyrgðarsviði hans

Meta skal ofangreind atriði út frá orðsporsáhættu og hvort fyrri athafnir gefi tilefni til að draga í efa hæfni umsækjanda eða heilindi hans.

Verði breytingar á högum viðkomandi lykilstarfsmanns, sem kunna að hafa áhrif á hæfi hans, ber honum skylda til að tilkynna um slíkt til sparisjóðsstjóra.

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga í október 2018 og taka þær þegar gildi.

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga.